

**Vímuefnaneysla íslenskra unglunga í  
alþjóðlegum samanburði  
1995—2015**

**Ársæll Arnarsson  
Þóroddur Bjarnason**

**Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri  
Rannsóknastofa í tómstunda- og félagsmálafræðum við Háskóla Íslands**

ISBN 978-9935-437-58-7

Útgefið á Akureyri 20. maí 2017

© Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri

Sólborg við Norðurslóð, 600 Akureyri

Rafræn útgáfa: [www.espad.is](http://www.espad.is)

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
Reykingar .....	6
Áfengi .....	9
Kannabisneysla .....	12
Önnur víma .....	14
Samband við foreldra .....	16
Virgni unglunga .....	17
Heimildir .....	19

## Inngangur

Reglubundnar kannanir á útbreiðslu reykinga, áfengisneyslu og ólöglegar vímuefnaneyslu meðal unglunga hófust víða á Vesturlöndum á áttunda áratugnum. Þar má til dæmis nefna rannsóknaverkefnið Skolelevers drogvanor sem hófst í Svíþjóð árið 1971 (Hvitfeldt og Nyström, 2008) og Monitoring the Future sem hófst í Bandaríkjunum árið 1975 (Johnston, 2003). Um miðjan níunda áratuginn lagði Evrópuráðið grunn að alþjóðlegum samanburði á þessu sviði með aðferðafræðilegri samanburðarrannsókn á vímuefnaneyslu unglunga í sex löndum í Evrópu og Norður-Ameríku (Johnston, Driessen og Kokkevi, 1994).

Árið 1995 tóku 26 lönd þátt í fyrstu umferð samanburðarrannsóknarinnar European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs (ESPAD). Frá þeim tíma hefur ESPAD rannsóknin farið fram á fjögurra ára fresti með þátttöku sívaxandi fjölda Evrópulanda. Sjötta umferð ESPAD fór fram árið 2015 og voru þátttökulöndin þá 35 með 96.043 þátttakendum. Alls hafa um 600.000 nemendur svarað könnuninni frá upphafi (Hibell et al., 2009; Kraus et al 2016). Þessi skýrsla markar því tuttugu ára afmæli verkefnisins (1995-2015) og dregur fram gildi þess að geta borið saman langtímabreytingar á vímuefnaneyslu unglunga milli landa með gögnum sem safnað er með stöðluðum hætti. Hér er um að ræða langstærsta rannsóknarverkefni samtímans á vímuefnaneyslu og öðrum þáttum í lífi unglunga hvað varðar fjölda landa sem taka þátt, fjölda nemenda í hverri umferð og lengd þess tímabils sem verkefnið nær til. Ýmsar lykilmælingar ESPAD eru jafnframt sambærilegar við bandarísku rannsóknina Monitoring the Future (Johnston, 2003) og SIDUC verkefnið í Mið- og Suður-Ameríku (Hasbun, 2003).

ESPAD verkefnið er unnið að tilstuðlan Evrópuráðsins (Pompidou Group) og Upplýsingamiðstöðvar Evrópusambandsins um vímuefni (EMCDDA). Niðurstöður rannsóknarinnar veita ítarlegar upplýsingar um breytingar á viðhorfum, þekkingu og neyslu unglunga á einstökum tegundum vímuefna á tímabilinu 1995–2015. Þannig er til dæmis fylgst með þeim aldri þegar unglingar reykja fyrstu sígarettuna og drekka fyrsta áfengissopann, breytingum á tíðni og magni áfengisneyslu, hlutdeild bjórs, léttvíns, sterks áfengis og áfengra gosdrykkja í unglingadrykkju og neyslu unglunga á áfengi sem keypt er í áfengisverslunum, smyglað til landsins eða bruggað í heimahúsum. Þá er fylgst með öllum helstu tegundum ólöglegra vímuefna, þar með töldum þeim sem hafa verið að ryðja sér til rúms annars staðar í heiminum en hafa ekki náð fótfestu á Íslandi svo vitað sé. Jafnframt eru vandamál vegna vímuefnaneyslu metin og fylgst með breytingum á viðhorfum unglunga til mismunandi vímuefna. ESPAD verkefnið beitir einnig alþjóðlega viðurkenndum mælingum á þáttum á borð við fjölskylduaðstæður, uppruna, búsetu, félagslega og efnahagslega stöðu, andlega líðan, tengsl við vini og fjölskyldu, lífsstíl og framtíðaráform auk þess sem hvert þátttökuland getur valið að skoða aðra þætti. Þessar mælingar gefa kost á margvíslegum rannsóknum á orsökum og afleiðingum vímuefnaneyslu unglunga í einstökum löndum sem og í Evrópu í heild. Þar sem gögnin spanna tuttugu ára tímabil gefa þau jafnframt kost á rannsóknum á breytingum á eðli vímuefnaneyslu unglunga yfir tíma og þeim þáttum sem skýrt geta slíkar breytingar. Um hundrað fræðimenn víðsvegar um Evrópu vinna að úrvinnslu þessara gagna og hafa ýmsar mikilvægar niðurstöður á grundvelli þeirra birst í helstu fræðitímaritum á þessu sviði. Einnig hafa verið gefnar út ítarlegar skýrslur um niðurstöður ESPAD fyrirlagnanna frá árinu 1995. Þessar skýrslur og yfirlit um alþjóðlegar vísindagreinar sem byggja á gögnunum eru tiltækar á heimasíðu verkefnisins (ESPAD.org).

Á Íslandi er ESPAD rannsóknin unnin í samvinnu Rannsóknaseturs forvarna við Háskólann á Akureyri og Rannsóknarstofu í tómsunda- og félagsmálafræðum við Háskóla Íslands. Þóroddur Bjarnason prófessor í félagsfræði hefur stýrt íslenskum hluta ESPAD verkefnisins frá upphafi en á síðustu árum hefur Ársæll Arnarsson lektor í tómsunda- og félagsmálafræðum einnig séð um að stýra verkefninu.

Á síðustu tuttugu árum hafa margir tugir sérfræðinga og háskólanema við íslenska háskóla tekið virkan þátt í ESPAD á Íslandi og hefur verkefnið meðal annars notið styrkja frá Áfengis- og vímuefnaráði, Lýðheilsustöð, Jafnréttissjóði, Háskólasjóði KEA, Heilbrigðisráðuneytinu og Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri.


Fyrirlögn ESPAD er á tímabilinu febrúar–apríl og er þýðið skilgreint sem þeir nemendur sem verða sextán ára á því almanaksári sem rannsóknin fer fram. Þannig voru spurningalistar ESPAD 2015 til dæmis lagðir fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla sem fæddir voru árið 1999. Stefnt er að því að spurningalistarnir séu lagðir fyrir alla nemendur í þeim bekkjum sem valdir eru en foreldrum og nemendum gefst vitaskuld kostur á því að afþakka slíka þátttöku. Rannsóknin byggir á nánú samstarfi við skólana og í flestum löndum sjá kennarar um fyrirlögn spurningalistanna. Í ákveðnum tilvikum sjá rannsakendur þó um meðhöndlun og fyrirlögn spurningalistanna. Sýnt hefur verið fram á að það hefur ekki áhrif á svörun hvort kennarar eða rannsóknarmenn sjá um fyrirlögn að því gefnu að nemendur geti innsiglað lista sína í trúnaðarumslög að útfyllingu lokinni (Þóroddur Bjarnason, 1995). Að lokinni fyrirlögn eru spurningalistarnir skoðaðir og þeir listar sem augljóslega eru útfylltir í fíflagangi eru lagðir til hliðar. Innan við 1% spurningalista einstakra landa eru yfirleitt ónothæfir af þessum sökum og hefur það hlutfall verið um 0,5% í íslenska hluta ESPAD verkefnisins. Spurningalistarnir eru síðan skannaðir og gengið frá hinum rafrænu gögnum í gagnagrunni. Gögnin eru hreinsuð samkvæmt stöðlum verkefnanna og teljast þá tilbúin til úrvinnslu.

Rannsóknaráætlun alþjóðlega ESPAD verkefnisins gerir ráð fyrir því að hið minnsta séu 2.400 nemendur í úrtaki hvers lands (Hibell og Guttormsson, 2007). Þar sem aðeins eru ríflega 4.000 nemendur í hverjum árgangi á Íslandi hefur frá upphafi sú leið verið farin hér á landi að allir nemendur í 10. bekk taki þátt í ESPAD rannsókninni. Slíku þýðisúrtaki er einnig beitt í ýmsum öðrum minni Evrópulöndum, svo sem Færeyjum, Kýpur, Mónakó, Möltu og Mön. Ýmsir aðferðafræðilegir kostir fylgja úrtökum af þessu tagi og er til dæmis hægt að skoða áhrif skólaumhverfisins á einstaka nemendur með mikilli nákvæmni þegar nær allir nemendur í tilteknum árgangi eru í gagnasafninu. Samstarf við skólastjórnendur og kennara um fyrirlögn ESPAD rannsóknarinnar á Íslandi hefur verið mjög gott allt frá árinu 1995.

Nær allir skólar með 10. bekk hafa tekið þátt í ESPAD rannsókninni frá upphafi en að jafnaði hafa 2–3 skólar ekki séð sér fært að taka þátt í hverri umferð. Færri skólar á Íslandi tóku þátt árið 2015 en í undanförunum fyrirlögnum. Af öllum skráðum nemendum í 10. bekk samkvæmt Hagstofu Íslands (2009) á tilteknum árum tóku 87% þátt í ESPAD 1995, 89% 1999, 82% 2003, 81% 2007, 81% 2011 en 54% 2015. Næsta umferð ESPAD er fyrirhuguð árið 2019 og stendur undirbúningur hennar nú yfir. Nánari upplýsingar um ESPAD á Íslandi er að finna á vefsíðu íslenska verkefnisins (ESPAD.is). Jafnframt veita starfsmenn Rannsóknaseturs forvarna við Háskólann á Akureyri og Rannsóknastofu í tólmstunda- og félagsmálafræðum við Háskóla Íslands allar frekari upplýsingar um framgang verkefnisins og halda kynningar á helstu niðurstöðum ESPAD rannsóknarinnar án endurgjalds fyrir skóla, sveitarfélög, opinbera aðila og félagasamtök sem þess óska.

## Reykingar

Mjög hefur dregið úr reykingum íslenskra unglunga undanfaran áratugi. Samkvæmt gögnunum frá árinu 2015 höfðu 16% unglunga á landinu öllu einhvern tíma reykt samanborið við 46% jafnaldra þeirra í Evrópu. Á myndunum hér að neðan sjást breytingarnar frá 1995-2015 á hlutfalli þeirra 10. bekkjar nemenda sem segjast einhvern tíma hafa prófað að reykja. Til vinstri eru tölur frá þeim 25 löndum sem hafa tekið þátt í ESPAD-rannsókninni frá upphafi (stelpur í rauðum lit en strákar í bláum) en myndin til hægri sýnir þróunina á sama tímabili á Íslandi.



Á Íslandi kom þó fram nokkur munur á milli landshluta í rannsókninni 2015. Þannig hafa talsvert færri unglingar prófað að reykja á Höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi Vestra, Norðurlandi Eystra, Austurlandi og Suðurlandi en hafa gert það á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum. Suðurnesin og Vesturlandið skera sig einnig nokkuð frá öðrum landshlutum þegar horft er til þeirra unglunga sem segjast hafa reykt 40 sinnum eða oftár. Á þessum svæðum segjast rúmlega 8% hafa reykt svo oft en tölurnar frá öðrum stöðum eru nokkuð lægri.


Hversu oft (ef nokkru sinni) hefur þú reykt sígarettu?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
<b>Aldrei</b>	83,8%	85,0%	76,1%	78,5%	76,5%	86,5%	86,6%	86,5%	85,4%
<b>1-2 sinnum</b>	5,6%	5,2%	6,4%	8,1%	11,8%	6,3%	3,8%	3,8%	6,3%
<b>3-5 sinnum</b>	1,8%	1,4%	1,7%	2,0%	2,0%	3,1%	2,1%	3,8%	2,9%
<b>6-9 sinnum</b>	1,2%	1,3%	1,3%	2,0%	2,0%	0,0%	1,4%	0,0%	1,0%
<b>10-19 sinnum</b>	1,3%	1,2%	3,4%	,7%	2,0%	1,0%	1,4%	0,0%	0,0%
<b>20-39 sinnum</b>	1,3%	1,6%	2,6%	,7%	2,0%	1,0%	,3%	1,9%	0,0%
<b>40 eða oftár</b>	4,9%	4,3%	8,5%	8,1%	3,9%	2,1%	4,5%	3,8%	4,4%

Spurt var um hversu gamlir þátttakendur hefðu verið þegar þeir prófuðu fyrst að reykja. Gott er að hafa í huga að um er að ræða þátttakendur í 10. bekk og því eru alls ekki allir búnir að ná 16 ára aldri og því ekki að undra þó fáir velji þann möguleika. Hins vegar er það nokkuð ógnvænlegt hversu ungir nemendur eru þegar þeir segjast hafa prófað að reykja í fyrsta sinn. Það er helst á Norðurlandi Vestra þar sem slíkar tilraunir virðast bíða að minnsta kosti fram til 11 ára aldurs. Á öðrum stöðum byrjar fíktið oft fyrr.

Hvenær reyktir þú sigarettu í fyrsta sinn?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Aldrei	83,2%	84,7%	74,9%	78,5%	76,5%	85,4%	85,3%	86,8%	84,0%
9 ára eða yngri	2,4%	2,3%	2,1%	5,4%	2,0%	0,0%	1,7%	3,8%	2,4%
10 ára	1,1%	,6%	2,1%	2,0%	2,0%	0,0%	1,4%	0,0%	1,9%
11 ára	1,2%	1,0%	2,6%	2,0%	0,0%	1,0%	1,4%	0,0%	1,0%
12 ára	2,3%	1,9%	3,8%	1,3%	3,9%	1,0%	2,7%	0,0%	3,9%
13 ára	2,4%	2,5%	3,0%	2,0%	3,9%	2,1%	2,7%	1,9%	1,5%
14 ára	4,0%	3,4%	6,0%	6,7%	7,8%	4,2%	2,7%	3,8%	4,4%
15 ára	3,3%	3,4%	5,1%	2,0%	3,9%	6,3%	2,0%	3,8%	1,0%
16 ára eða eldri	0,0%	0,0%	,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Sé horft til annara landa í Evrópu kemur í ljós að ástandið á Íslandi er í raun talsvert betra. Nærri því fjórðungur (23%) allra nemenda í heildarúrtaki ESPAD-rannsóknarinnar árið 2015 hafði prófað að reykja um 13 ára aldur. Hlutfallið reyndist nokkuð breytilegt eftir löndum – frá 46% í Eistlandi og 45% í Litháen niður í 9-13% á Íslandi, Noregi og Möltu.

Um 12% unglunga í Evrópu sagðist reykja daglega. Á myndinni hér að neðan eru tekin nokkur dæmi af löndum og er augljóst að hlutfallið er mjög breytilegt milli landa. Ísland og Noregur verma botnsætín af öllum löndum sem tóku þátt.



Í rannsókninni árið 2015 kom fram að aðgengi að sigarettum virtist vera talsvert í öllum landshlutum. Þannig segist fimmtungur nemenda í 10. bekk eiga mjög auðvelt með að ná sér í sigarettur og fjórðungur til viðbótar segir það frekar auðvelt.

Hversu erfitt telur þú að það væri fyrir þig að ná þér í sigarettur ef þú vildir?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Ómögulegt	13,7%	11,9%	16,4%	17,6%	13,7%	15,6%	13,3%	21,2%	16,0%
Mjög erfitt	10,5%	10,5%	8,6%	9,5%	9,8%	10,4%	11,9%	15,4%	10,7%
Frekar erfitt	11,8%	11,8%	11,2%	10,8%	11,8%	14,6%	14,3%	11,5%	8,7%
Frekar auðvelt	23,4%	25,0%	20,3%	22,3%	13,7%	24,0%	24,6%	25,0%	18,4%
Mjög auðvelt	20,3%	21,6%	17,2%	23,0%	29,4%	18,8%	16,0%	15,4%	20,4%
Veit ekki	20,2%	19,2%	26,3%	16,9%	21,6%	16,7%	19,8%	11,5%	25,7%

Sé horft til sambærilegra talna frá öðrum löndum í Evrópu, sést að aðgengi að sígarettum er engu að síður nokkuð minna hér á landi en víðast annars staðar. Að meðaltali sögðu 60% allra evrópskra tíundu bekkinga það vera mjög eða frekar auðvelt að ná sér í sígarettur en á Íslandi er hlutfallið fjórðungi lægra. Nemendur í Tékklandi voru líklegastir til að segja að þetta væri auðvelt (80%) og Austurríkismenn (79%), Liechtensteinar (77%) og Danir (76%) fylgdu skammt á eftir.

Flestir 10. bekkingar á Íslandi virðast gera sér grein fyrir þeirri hættu sem tengd er tóbaksreykingum, en fjórðungur þeirra er þó þeirrar skoðunar að lítil eða engin áhætta fylgi því að reykja stundum sígarettur.

Hversu mikil hættu er að skaða sig ef maður reykir stundum sígarettur?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
<b>Enga áhættu</b>	7,1%	6,9%	8,0%	10,1%	8,2%	5,2%	6,5%	7,7%	6,3%
<b>Litla áhættu</b>	19,3%	21,4%	17,7%	18,1%	12,2%	18,8%	17,8%	9,6%	16,6%
<b>Nokkra áhættu</b>	41,5%	41,4%	32,9%	40,9%	32,7%	37,5%	47,3%	32,7%	49,8%
<b>Mikla áhættu</b>	26,3%	25,3%	31,2%	27,5%	34,7%	34,4%	23,3%	38,5%	21,5%
<b>Veit ekki</b>	5,8%	5,0%	10,1%	3,4%	12,2%	4,2%	5,1%	11,5%	5,9%



## Áfengi

Líkt og með reykingar þá hefur mjög dregið úr áfengisneyslu íslenskra unglunga á liðnum áratugum. Á myndunum hér að neðan sést hlutfall nemenda sem tók þátt í ESPAD-rannsóknunum frá 1995 til 2015 og sögðust einhvern tíma hafa bragðað áfengi. Til vinstri sjást breytingarnar fyrir þau 25 Evrópulönd sem hafa tekið þátt frá 1995 fyrir stráka (blá lína) og stelpur (rauð lína). Til samanburðar sjást svo breytingarnar á sama tímabili fyrir Ísland til hægri. Augljóslega hefur dregið miklu mun meira úr unglingadrykkju hér á landi en annars staðar í Evrópu.




Um 76% unglunga í 10. bekk á Íslandi segist þannig aldrei hafa drukkið áfengi síðastliðið ár. Flestir sem hafa gert það á annað borð segja að það hafi hent í 1-2 skipti en um 5% hafði drukkið 3-5 sinnum. Þegar gögnin eru skoðuð eftir landshlutum virðist unglingadrykkja nokkuð algengari á Vestfjörðum og Austurlandi. Þar eru færri nemendur sem aldrei hafa drukkið og nokkuð hátt hlutfall Vestfirðinga hafa drukkið 1-2 en Austfirðingar eru með hæsta hlutfall þeirra sem segjast hafa drukkið oftast.

Hversu oft hefur þú drukkið áfengi á síðastliðnum 12 mánuðum?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
<b>Aldrei</b>	75,7%	76,0%	73,0%	76,2%	67,3%	75,5%	78,8%	69,2%	75,7%
<b>1-2 sinnum</b>	13,2%	13,7%	12,2%	8,8%	28,6%	13,8%	10,1%	15,4%	14,1%
<b>3-5 sinnum</b>	4,8%	4,2%	6,3%	6,1%	4,1%	4,3%	5,9%	9,6%	3,9%
<b>6-9 sinnum</b>	2,3%	2,5%	2,1%	2,7%	0,0%	3,2%	1,7%	1,9%	1,9%
<b>10-19 sinnum</b>	1,6%	1,4%	1,7%	2,0%	0,0%	2,1%	3,1%	0,0%	1,0%
<b>20-39 sinnum</b>	1,1%	1,0%	2,5%	1,4%	0,0%	1,1%	,3%	0,0%	1,9%
<b>40 eða oft</b>	1,3%	1,3%	2,1%	2,7%	0,0%	0,0%	0,0%	3,8%	1,5%

Um 8% þátttakenda af landinu öllu sagðist hafa orðið ölvaður/ölvuð á síðastliðnu ári – þar af rúmlega helmingurinn 1-2 sinnum en hinir oft. Í samræmi við töfluna hér fyrir framan voru tölurnar nokkuð hærri fyrir Vestfirði og Austurland.

Hversu oft hefur þú orðið ölvaður/ölvuð á síðastliðnum 12 mánuðum?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
<b>Aldrei</b>	92,1%	93,0%	88,9%	89,2%	92,0%	92,6%	93,0%	90,4%	91,6%
<b>1-2 sinnum</b>	4,8%	4,1%	7,2%	4,7%	8,0%	4,2%	4,6%	3,8%	6,4%
<b>3-5 sinnum</b>	1,1%	1,0%	1,7%	2,0%	0,0%	2,1%	1,4%	0,0%	0,0%
<b>6-9 sinnum</b>	0,9%	,9%	,9%	1,4%	0,0%	0,0%	,7%	1,9%	1,5%
<b>10-19 sinnum</b>	0,3%	,3%	0,0%	,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	,5%
<b>20-39 sinnum</b>	0,3%	,2%	0,0%	1,4%	0,0%	1,1%	,4%	0,0%	0,0%
<b>40 eða oft</b>	0,5%	,5%	1,3%	,7%	0,0%	0,0%	0,0%	3,8%	0,0%

Þriðjungur (35%) evrópskra tíundu bekkinga sagðist hafa drukkið fimm drykki eða meira að minnsta kosti einu sinni á síðastliðnum mánuði. Hæsta tíðni slíkara ölvunar var að finna í Austurríki, Danmörku og á Kýpur þar sem um helmingur nemenda sagðist hafa drukkið svo mikið í síðasta mánuði. Íslenskir unglingar eru ólíklegastir til að hafa gert þetta – 7% stráka og 8% stelpna.



Niðurstöður rannsókna okkar sýna að aðgengi íslenskra unglinga að áfengi hefur minnkað mikið á undanförunum árum. Meirihluti þeirra segir samt að það sé frekar eða mjög auðvelt að ná sér í bjór.

Hversu erfitt væri að ná þér í bjór ef þú vildir?									
	Landið allt	Höfuðborgarsvæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Ómögulegt	11,9%	10,8%	14,3%	13,4%	15,7%	9,4%	13,7%	7,7%	13,6%
Mjög erfitt	9,9%	10,1%	10,1%	8,7%	5,9%	9,4%	11,7%	13,5%	6,8%
Frekar erfitt	11,9%	11,5%	13,9%	16,1%	11,8%	11,5%	8,2%	19,2%	12,1%
Frekar auðvelt	31,0%	32,2%	25,7%	22,8%	21,6%	34,4%	32,0%	34,6%	34,5%
Mjög auðvelt	22,2%	22,5%	17,7%	28,9%	31,4%	27,1%	21,3%	17,3%	18,9%
Veit ekki	13,1%	12,8%	18,1%	10,1%	13,7%	8,3%	13,1%	7,7%	14,1%

Aðgengi að sterku áfengi er minna en að bjór og aðeins um þriðjungur unglingana telur að það sé frekar eða mjög auðvelt að ná sér í sterkt áfengi.

Hversu erfitt væri að ná í sterkt áfengi (t.d. vodka eða gin) ef þú vildir?									
	Landið allt	Höfuðborgarsvæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Ómögulegt	21,1%	19,1%	26,7%	27,0%	20,0%	16,7%	22,4%	25,0%	21,8%
Mjög erfitt	15,6%	15,6%	14,8%	17,6%	26,0%	12,5%	15,9%	19,2%	12,6%
Frekar erfitt	13,4%	13,6%	11,4%	9,5%	12,0%	17,7%	11,7%	25,0%	15,5%
Frekar auðvelt	17,8%	19,7%	11,0%	14,2%	6,0%	21,9%	19,0%	9,6%	18,4%
Mjög auðvelt	16,4%	16,6%	16,1%	20,9%	20,0%	20,8%	12,8%	13,5%	14,6%
Veit ekki	15,7%	15,4%	19,9%	10,8%	16,0%	10,4%	18,3%	7,7%	17,0%


Í öðrum löndum Evrópu sögðu flestir nemendur (78%) að auðvelt væri að nálgast áfengi. Í Tékklandi, Danmörku og Grikklandi svöruðu rúmlega 90% nemenda með þeim hætti.

Mikill meirihluti unglunga í 10. bekk á Íslandi telur að maður skaði sig á því að drekka fimm eða fleiri áfenga drykki um hverja helgi. Það er ekki mikill munur á milli landshluta í svörun þátttakenda við þessari spurningu en á Austurlandi meta þó krakkarnir áhættuna minni og eru auk þess líklegustu til þess að segja að þau viti ekki hvort það sé skaðlegt eður ei.

Hversu mikil hættu er á að skaða sig ef maður drekkur fimm eða fleiri áfenga drykki um hverja helgi?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
<b>Enga áhættu</b>	4,9%	4,0%	7,6%	8,1%	4,1%	5,2%	5,2%	7,7%	4,5%
<b>Litla áhættu</b>	9,3%	9,7%	9,3%	10,1%	8,2%	3,1%	7,9%	13,5%	10,4%
<b>Nokkra áhættu</b>	32,1%	32,5%	27,0%	34,5%	32,7%	38,5%	32,6%	26,9%	31,7%
<b>Mikla áhættu</b>	46,6%	47,6%	46,0%	43,2%	46,9%	49,0%	45,4%	38,5%	46,5%
<b>Veit ekki</b>	7,0%	6,3%	10,1%	4,1%	8,2%	4,2%	8,9%	13,5%	6,9%

## Kannabisneysla

Um 8% unglunga í 10 bekk hefur einhvern tíma prófað kannabisefni. Þetta er helmingi lægra en meðaltalið fyrir alla Evrópu (16%). Það Evrópuland sem hafði tíðustu kannabisneysluna var Tékkland með 37%. Á myndunum hér að neðan birtast breytingar á hlutfalli þeirra nemenda sem höfðu prófað kannabis frá því að ESPAD-rannsóknin var fyrst lögð fyrir 1995 og fram til ársins 2015. Til vinstri sjást meðaltalsbreytingar þeirra 25 Evrópulanda sem hafa verið með í öllum fyrirlögnum – skipt eftir stelpum (rauð lína) og strákum (blá lína). Eins og sést hefur hlutfall evrópskra unglunga sem hefur prófað kannabis aukist nokkuð síðastliðinn 20 ár þó kannski megi binda vonir við að sú aukning hafi þegar náð hámarki. Til hægri sést hins vegar samanburðurinn við breytingarnar á Íslandi á sama tímabili. Athugið að ásarinn er ekki þeir sömu.



Á Íslandi voru krakkar á Suðurnesjum líklegastir til að hafa prófað kannabis en þau sem búa á Norðurlandi vestra ólíklegastir. Hlutfall þeirra sem hefur einhvern tíma prófað hefur haldist nokkuð stöðugt þau 20 ár sem rannsóknin hefur verið gerð hér á landi. Hins vegar hefur orðið þreföldun á þessu tímabili í fjölda þeirra sem segjast hafa reykt kannabis 40 sinnum eða oftar. Í dag á þetta við um 2,3% þátttakenda en árið 1995 var sömu sögu að segja um 0,7% þeirra. Lítið er um þunga kannabisneyslu meðal 10. bekkinga á Vestfjörðum og sömuleiðis er hún fátíðari á Norðurlandi.

Hversu oft hefur þú neytt maríjúana eða hass um ævina?									
	Landið allt	Höfuðborgarsvæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Aldrei	92,0%	91,4%	87,7%	91,3%	94,1%	96,9%	94,5%	92,5%	95,1%
1-2 sinnum	2,5%	2,3%	6,4%	2,7%	3,9%	1,0%	1,4%	3,8%	1,0%
3-5 sinnum	1,0%	1,0%	1,3%	0,0%	2,0%	0,0%	2,1%	0,0%	1,0%
6-9 sinnum	0,9%	1,1%	,9%	1,3%	0,0%	0,0%	,3%	0,0%	1,0%
10-19 sinnum	0,8%	1,1%	0,0%	,7%	0,0%	0,0%	,7%	1,9%	0,0%
20-39 sinnum	0,4%	,3%	,9%	2,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	,5%
40 eða oftar	2,3%	2,7%	3,0%	2,0%	0,0%	2,1%	1,0%	1,9%	1,5%

Aðgengi að kannabisefnum hefur einnig verið mjög svipað í þá tvo áratugi sem þessi rannsókn hefur verið í gangi. Unglingar á Höfuðborgarsvæðinu eru líklegri en aðrir til þess að telja að það sé mjög auðvelt fyrir þá að nálgast slík efni.


Hversu erfitt heldur þú að það væri fyrir þig að ná í gras eða hass (kannabis) ef þú vildir?									
	Landið allt	Höfuðborgarsvæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Ómögulegt	29,4%	25,4%	32,8%	36,9%	35,3%	21,9%	37,2%	45,3%	31,2%
Mjög erfitt	14,0%	14,3%	13,2%	17,4%	5,9%	16,7%	12,6%	11,3%	14,1%
Frekar erfitt	11,0%	10,6%	7,2%	10,1%	17,6%	16,7%	11,6%	11,3%	12,7%
Frekar auðvelt	17,2%	18,1%	19,6%	15,4%	15,7%	17,7%	14,0%	13,2%	15,6%
Mjög auðvelt	11,0%	13,8%	9,4%	8,7%	7,8%	9,4%	6,8%	5,7%	6,8%
Veit ekki	17,4%	17,7%	17,9%	11,4%	17,6%	17,7%	17,7%	13,2%	19,5%

Aðgengi að kannabis virðist vera svipað hér á landi og annars staðar í Evrópu en 30% unglunga sem tóku þátt í ESPAD-rannsókninni í öðrum löndum sagði að það væri auðvelt. Mest var um auðvelt aðgengi í Tékklandi (50%) en einnig í Slóveníu (45%), Búlgaríu og Liechtenstein (44% í báðum löndum). Minnst aðgengi mældist í Moldavíu (5%) og Úkraínu (11%).

Þegar unglingarnir voru spurðir um það hversu skaðlegt væri að reykja stundum kannabisefni, sögðu um helmingur að það væri mjög hættulegt. Auk þess sagði um fjórðungur þeirra að hættan væri nokkuð mikil. Almennt reyndust krakkar í 10. bekk meta áhættuna samfara kannabisneyslu minni en jafnaldrar þeirra gerðu árið 1995.

Hversu mikil hætta er á að skaða sig ef maður reykir stundum marijúana eða hass (kannabis)?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Enga áhættu	7,5%	7,5%	9,7%	10,7%	8,2%	6,3%	6,5%	9,6%	4,4%
Litla áhættu	9,8%	10,6%	11,4%	9,4%	8,2%	4,2%	5,8%	9,6%	11,8%
Nokkra áhættu	27,3%	29,7%	21,9%	22,1%	30,6%	21,9%	26,7%	25,0%	26,6%
Mikla áhættu	47,7%	45,5%	45,1%	51,7%	42,9%	59,4%	53,4%	40,4%	49,8%
Veit ekki	7,7%	6,7%	11,8%	6,0%	10,2%	8,3%	7,5%	15,4%	7,4%

Í ESPAD-rannsókninni var einnig grennslast fyrir um það hversu oft þeir sem á annað borð nota kannabis gera það. Kannabisneytendur voru spurðir um það hversu marga daga á síðastliðnu ári þeir hefðu notað efnið. Að meðaltali reyndist það 8,9 skipti. Í þessari mælingu trónuðu íslenskir unglingar því miður á toppnum þar sem strákar sem nota kannabis höfðu gert það 14,5 sinnum á árinu en stelpur 12,7. Í löndum eins og Frakklandi, Írlandi, Ítalíu og Hollandi var meðalneysla um 12 skipti eða oftar en í öðrum var hún mun lægri.



## Önnur víma

Um 2% unglinga í 10. bekk á Íslandi kvaðst einhvern tíma hafa prófað e-töflur. Það var aðeins á Vestjörðum sem engin slík neysla mældist.

Hversu oft hefur þú neytt E-tafna yfir ævina?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Aldrei	98,0%	98,0%	97,0%	96,0%	100,0%	97,9%	99,3%	96,2%	99,0%
1-2 sinnum	0,7%	,7%	1,7%	,7%	0,0%	0,0%	,3%	0,0%	,5%
3-5 sinnum	0,5%	,4%	,9%	1,3%	0,0%	1,0%	0,0%	1,9%	0,0%
6-9 sinnum	0,1%	,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
10-19 sinnum	0,3%	,3%	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%	1,9%	,5%
20-39 sinnum	0,1%	,1%	0,0%	1,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
40 eða oft	0,3%	,3%	,4%	,7%	0,0%	0,0%	,3%	0,0%	0,0%

Um 2,5% unglinganna í rannsókninni sagðist hafa notað amfetamín einhverju sinni. Um fáa einstaklinga er að ræða og því ekki ráðlegt að lesa of mikið í þann mun sem birtist í neyslumynstrinu milli landshluta.

Hversu oft hefur þú neytt amfetamíns yfir ævina?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Aldrei	97,6%	97,4%	95,8%	96,0%	98,0%	97,9%	99,7%	96,2%	99,0%
1-2 sinnum	0,6%	,4%	1,7%	,7%	2,0%	1,0%	0,0%	0,0%	1,0%
3-5 sinnum	0,4%	,5%	,8%	1,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
6-9 sinnum	0,3%	,3%	,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,9%	0,0%
10-19 sinnum	0,3%	,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,9%	0,0%
20-39 sinnum	0,3%	,3%	,4%	,7%	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%
40 eða oft	0,5%	,6%	,4%	1,3%	0,0%	0,0%	,3%	0,0%	0,0%

Rúmlega 2% unglingana sagðist einhvern tíma hafa prófað kókaín. Munur milli landssvæða var óverulegur.

Hversu oft hefur þú neytt kókaíns yfir ævina?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Aldrei	97,9%	98,0%	96,6%	94,0%	98,0%	99,0%	99,3%	98,1%	98,5%
1-2 sinnum	0,8%	,8%	,9%	2,0%	2,0%	1,0%	0,0%	0,0%	,5%
3-5 sinnum	0,2%	,2%	0,0%	,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	,5%
6-9 sinnum	0,3%	,3%	,9%	,7%	0,0%	0,0%	,3%	0,0%	0,0%
10-19 sinnum	0,3%	,2%	,4%	1,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	,5%
20-39 sinnum	0,3%	,2%	,9%	,7%	0,0%	0,0%	0,0%	1,9%	0,0%
40 eða oft	0,3%	,3%	,4%	,7%	0,0%	0,0%	,3%	0,0%	0,0%

Um 3,5% þátttakenda hafði sniffað til þess að komast í vímu. Þetta var algengara á Austurlandi en annars staðar en einnig var nokkuð um að unglingar á Suðurnesjum og Vesturlandi hefðu prófað slíkt. Meðaltíðnin í Evrópu var helmingi hærri eða 7% en sveiflaðist mikið milli landa – þannig höfðu 25% krakka í Króatíu sniffað og 14% í Slóveníu en milli 1-2% í Færeyjum, Makedóníu og Moldavíu.

Hversu oft hefur þú sniðað til að komast í vímu yfir ævina?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
<b>Aldrei</b>	96,6%	97,3%	93,7%	93,3%	96,1%	95,8%	97,3%	90,4%	99,0%
<b>1-2 sinnum</b>	2,0%	1,7%	3,8%	2,0%	3,9%	2,1%	1,7%	5,8%	1,0%
<b>3-5 sinnum</b>	0,4%	,3%	,4%	2,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
<b>6-9 sinnum</b>	0,1%	,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	,3%	0,0%	0,0%
<b>10-19 sinnum</b>	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%	,3%	0,0%	0,0%
<b>20-39 sinnum</b>	0,2%	,2%	0,0%	,7%	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%
<b>40 eða oftar</b>	0,6%	,4%	2,1%	1,3%	0,0%	0,0%	,3%	3,8%	0,0%

Um 17% tíundu bekkinga í Póllandi og 16% í Tékklandi sagðist einhvern tíma hafa tekið róandi lyf eða svefnlyf án þess að þau hefðu verið ávísuð af lækni. Lægsta tíðnin (1-2%) mældist hins vegar í Danmörku, Færeyjum, Moldavíu, Rúmeníu og Úkraínu. Íslenskir unglingar fylgdu að þessu leyti meðaltalinu fyrir Evrópu í heild en næstum 6% þeirra kvaðst hafa tekið slík lyf með þessum hætti. Munur milli landshluta var ekki mikill en þó virtist þetta síst eiga við um unglinga af Norðurlandi Vestra.

Hversu oft yfir ævina hefur þú tekið róandi lyf eða svefnlyf (án lyfseðils)?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
<b>Aldrei</b>	94,2%	93,7%	92,4%	93,3%	94,1%	97,9%	96,6%	96,2%	94,6%
<b>1-2 sinnum</b>	2,2%	2,3%	3,0%	2,0%	2,0%	0,0%	2,1%	0,0%	2,9%
<b>3-5 sinnum</b>	1,3%	1,4%	2,1%	2,7%	0,0%	0,0%	,3%	0,0%	1,0%
<b>6-9 sinnum</b>	0,7%	,7%	,8%	0,0%	3,9%	1,1%	,3%	1,9%	0,0%
<b>10-19 sinnum</b>	0,6%	,9%	,4%	1,3%	0,0%	1,1%	0,0%	0,0%	0,0%
<b>20-39 sinnum</b>	0,3%	,3%	,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%
<b>40 eða oftar</b>	0,6%	,6%	,4%	,7%	0,0%	0,0%	,7%	1,9%	,5%

## Samband við foreldra

Um 70% íslenskra svaranda í rannsókninni sögðust næstum alltaf eiga auðvelt með að fá hlýju og umhyggju frá foreldrum sínum. Að auki sagðist fjórðungur eiga það stundum eða oft, en um 5% sögðust sjaldan eða aldrei finna fyrir slíku.

Hversu auðvelt áttu með að fá hlýju og umhyggju frá foreldrum þínum?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Næstum alltaf	69,8%	71,6%	66,7%	73,2%	58,7%	71,6%	66,4%	72,5%	65,7%
Oft	17,0%	16,2%	17,9%	12,8%	30,4%	11,6%	17,6%	21,6%	21,4%
Stundum	8,4%	9,1%	8,1%	7,4%	6,5%	11,6%	8,3%	2,0%	6,5%
Sjaldan	2,7%	1,8%	4,3%	4,0%	2,2%	2,1%	4,8%	2,0%	3,5%
Næstum aldrei	2,0%	1,3%	3,0%	2,7%	2,2%	3,2%	2,8%	2,0%	3,0%

Langflestir íslenskir unglingar upplifa það að foreldrar setji þeim skýrar reglur heima fyrir. Aðeins fimmtungur svarenda segir að það gerist sjaldan eða næstum aldrei. Norðurland vestra og Austurland sker sig nokkuð frá hinum landssvæðunum þar sem færri unglingar á þessum svæðum segja að foreldrar setji þeim næstum alltaf skýrar reglur.

Hversu oft setja foreldrar þínir þér skýrar reglur heimafyrir?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Næstum alltaf	21,6%	23,6%	22,3%	22,8%	17,4%	8,4%	20,1%	9,6%	20,8%
Oft	27,2%	28,1%	21,9%	24,2%	32,6%	30,5%	28,0%	36,5%	23,8%
Stundum	29,7%	27,7%	34,3%	27,5%	32,6%	34,7%	30,4%	34,6%	32,7%
Sjaldan	13,8%	13,3%	12,4%	15,4%	13,0%	16,8%	15,2%	17,3%	12,9%
Næstum aldrei	7,7%	7,3%	9,0%	10,1%	4,3%	9,5%	6,2%	1,9%	9,9%

Um tveir þriðju hlutar svarenda segir að foreldrar þeirra viti næstum alltaf hvar þeir eru á kvöldin. Það eru síst unglingar á Vestfjörðum sem velja þennan svarmöguleika en þeir eru þeim mun líklegri til þess en aðrir að segja að foreldrarnir viti oft hvar þeir eru. Enginn unglingur á Vestfjörðum taldi að foreldrar sínir vissu næstum aldrei hvar þeir væru en það átti við um 2% unglinga annars staðar af landinu.

Hversu oft vita foreldrar þínir hvar þú ert á kvöldin?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Næstum alltaf	67,3%	69,4%	60,3%	64,9%	45,5%	72,3%	67,8%	66,7%	66,0%
Oft	20,3%	19,2%	22,2%	19,6%	40,9%	17,0%	20,4%	19,6%	22,0%
Stundum	8,4%	8,2%	12,4%	9,5%	9,1%	4,3%	6,9%	7,8%	8,0%
Sjaldan	2,4%	2,0%	2,6%	2,0%	4,5%	3,2%	3,1%	3,9%	2,5%
Næstum aldrei	1,7%	1,1%	2,6%	4,1%	0,0%	3,2%	1,7%	2,0%	1,5%



## Virkni unglunga

Meirihluti unglunga á öllum landssvæðum segir að setningin „Það er gott að vera unglingur hér“, lýsi frekar eða mjög vel þeim stað sem þau búa á. Eina undantekningin frá þessu eru unglingar á Vestfjörðum. Þá eru unglingar á Norðurlandi vestra líklegastir til þess að segja að þessi setning lýsi búsetu þeirra mjög illa.

Hversu vel lýsir eftirfarandi þeim stað þar sem þú býrð núna: Það er gott að vera unglingur hér?									
	Landið allt	Höfuðborgar-svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Lýsir mjög illa	5,4%	4,1%	9,3%	7,5%	6,4%	11,7%	3,9%	6,3%	6,0%
Lýsir frekar illa	6,8%	4,6%	13,3%	8,9%	25,5%	4,3%	5,4%	16,7%	8,5%
Hvorki né	20,6%	19,5%	22,2%	25,3%	31,9%	22,3%	18,9%	12,5%	23,0%
Lýsir frekar vel	34,9%	35,6%	32,8%	31,5%	21,3%	29,8%	36,1%	35,4%	40,0%
Lýsir mjög vel	32,2%	36,3%	22,2%	26,7%	14,9%	31,9%	35,8%	29,2%	22,5%

Talsverður munur reyndist á mati þátttakenda á því hversu mikið tómsundastarf væri í boði fyrir þau. Þau voru beðin um að taka afstöðu til spurningarinnar: „Hversu vel lýsir eftirfarandi þeim stað sem þú býrð á núna: Það er mikið af skipulögðum tómsundum í boði?“ Aðeins 4,3% Vestfirskra unglunga töldu þetta lýsa sinni heimabyggð mjög vel samanborið við 29,2% unglunga á Höfuðborgarsvæðinu. Unglingar á Vesturlandi og Austurlandi voru líklegastir til að segja að þetta væri mjög slæm lýsing á sínu svæði.

Hversu vel lýsir eftirfarandi þeim stað þar sem þú býrð núna: Það er mikið af skipulögðum tómsundum í boði?									
	Landið allt	Höfuðborgar-svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Lýsir mjög illa	5,2%	3,8%	4,9%	10,3%	8,7%	8,5%	4,9%	12,5%	6,5%
Lýsir frekar illa	7,9%	5,3%	8,5%	12,4%	19,6%	10,6%	8,8%	20,8%	12,5%
Hvorki né	24,8%	25,0%	34,1%	23,4%	32,6%	21,3%	17,5%	10,4%	28,0%
Lýsir frekar vel	37,4%	36,6%	35,0%	26,9%	34,8%	40,4%	48,1%	43,8%	34,5%
Lýsir mjög vel	24,5%	29,2%	17,0%	26,9%	4,3%	19,1%	20,7%	12,5%	18,5%

Um 10% unglunga í 10. bekk á Íslandi segist aldrei spila tölvuleiki. Unglingar á Norðurlandi eystra eru ólíklegastir til að svara með þeim hætti. Um þriðjungur kvaðst hins vegar spila daglega og voru unglingar á Vestfjörðum og Suðurnesjum nokkuð niðursokknari við slíka iðju en aðrir.

Hversu oft spilar þú tölvuleiki?									
	Landið allt	Höfuðborgar-svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Aldrei	10,0%	11,2%	7,7%	11,5%	8,0%	10,5%	6,5%	9,4%	9,7%
Nokkrum x ári	18,9%	19,4%	13,2%	17,6%	10,0%	21,1%	21,0%	20,8%	20,9%
1-2 mánuði	13,0%	12,7%	9,0%	18,9%	8,0%	15,8%	12,4%	17,0%	15,0%
Amk vikulega	23,5%	22,4%	25,2%	20,9%	22,0%	25,3%	26,5%	22,6%	24,8%
Daglega	34,4%	34,1%	44,9%	30,4%	52,0%	26,3%	33,3%	28,3%	29,6%

Um 17% unglunga voru frekar eða mjög sammála því að þeir eyddu of miklum tíma í tölvuleiki en um helmingur var þessu mjög ósammála.

Hversu sammála ertu eftirfarandi: Mér finnst ég eyða alltof miklum tíma í að spila tölvuleiki?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Mjög sammála	5,5%	5,3%	6,4%	5,4%	10,2%	4,2%	6,6%	3,8%	4,4%
Frekar sammála	11,9%	11,9%	15,7%	8,1%	6,1%	6,3%	12,1%	15,4%	13,3%
Hvorki né	21,3%	21,6%	22,6%	20,1%	42,9%	19,8%	20,1%	19,2%	16,7%
Frekar ósammála	15,1%	15,4%	16,6%	14,1%	10,2%	18,8%	13,8%	15,4%	13,3%
Mjög ósammála	46,2%	45,8%	38,7%	52,3%	30,6%	51,0%	47,4%	46,2%	52,2%

Um 60% unglinga taldi sig taka daglega þátt í íþróttum og líkamsrækt. Lægst var hlutfallið á Vestfjörðum og á Suðurnesjum. Hins vegar merkti enginn vestfirskur unglingur við þann svarmöguleika að taka aldrei þátt en það átti við um 2,5% af landinu öllu og var hlutfallið hæst á Vesturlandi og Suðurlandi.

Hversu oft tekur þú virkan þátt í íþróttum eða líkamsrækt?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Aldrei	2,5%	2,4%	1,7%	4,7%	0,0%	2,1%	1,7%	0,0%	4,4%
Nokkrum x ári	2,3%	2,3%	3,4%	4,7%	2,0%	2,2%	,7%	1,9%	2,9%
1-2 mánuði	3,4%	3,4%	6,5%	4,7%	2,0%	1,1%	2,4%	0,0%	2,4%
Amk vikulega	31,0%	30,4%	31,9%	25,7%	43,1%	31,3%	34,0%	30,2%	29,8%
Daglega	60,8%	61,6%	56,5%	60,1%	52,9%	61,5%	61,2%	67,9%	60,5%

Nokkuð mörgum unglingum þótti þeir eyða of miklum tíma á samfélagsmiðlum. Helst voru það austfirðingar sem voru ósammála þeirri fullyrðingu.

Hversu sammála ertu eftirfarandi: Mér finnst ég eyða alltof miklum tíma á samfélagsmiðlum?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Mjög sammála	13,1%	14,6%	14,6%	12,1%	5,9%	11,6%	10,5%	3,8%	11,8%
Frekar sammála	26,3%	25,2%	25,3%	24,8%	27,5%	21,1%	34,1%	17,3%	29,1%
Hvorki né	32,4%	32,3%	28,8%	33,6%	37,3%	38,9%	31,0%	34,6%	33,5%
Frekar ósammála	14,4%	14,2%	16,3%	14,8%	13,7%	9,5%	14,3%	19,2%	14,8%
Mjög ósammála	13,7%	13,7%	15,0%	14,8%	15,7%	18,9%	10,1%	25,0%	10,8%

Um 10% nemanda höfðu skrópað í kennslustund í síðastliðnum mánuði. Minnst var skrópað á Suðurlandi en mest á Vesturlandi – munurinn var hins vegar minniháttar.

Síðastliðna 30 daga, hversu marga daga hefur þú misst úr eina eða fleiri kennslustundir vegna skróps?									
	Landið allt	Höfuðborgar- svæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Engan dag	89,7%	90,7%	87,0%	86,2%	80,4%	88,9%	89,4%	88,7%	92,2%
1 dag	5,2%	4,5%	5,4%	6,2%	13,0%	4,4%	6,3%	9,4%	4,1%
2 daga	2,2%	2,3%	2,2%	2,8%	2,2%	3,3%	2,1%	0,0%	1,0%
3-4 daga	1,5%	,9%	2,2%	2,8%	4,3%	2,2%	1,4%	0,0%	2,6%
5-6 daga	0,5%	,4%	1,3%	,7%	0,0%	1,1%	,4%	0,0%	0,0%
7 daga eða fleiri	0,9%	1,2%	1,8%	1,4%	0,0%	0,0%	,4%	1,9%	0,0%

## Heimildir

Hasbun, Julia (2003). School Surveys in the Inter-American Uniform Drug Use Data System. Kafli í *Conducting School Surveys on Drug Abuse*. Vínarborg: United Nations Office on Drugs and Crime.

Hibell B og Guttormsson U (2007). *The ESPAD 2007 Project Plan*. Stokkhólmur: Centralförbundet för alkohol och narkotikaupplysning.

Hvitfeldt T og Nyström S (2008). *Skolelevers Drogvanor 2008*. Stockholm: Centralförbundet för alkohol- och narkotikaupplysning.

Johnston LD (2003). The Monitoring the Future Study. Kafli í *Conducting School Surveys on Drug Abuse*. Vínarborg, Austurríki: United Nations Office on Drugs and Crime.

Johnston D, Driessen F og Kokkevi A (1994). *Surveying Student Drug Misuse: A Six-country Pilot Study*. Strasbourg: Council of Europe.

Kraus K, Guttormsson U, Leifman H, Arpa S, Molinaro S, Monshouwer K, Trapencieris M, Vicente J, Arnarsson ÁM, Balakireva EK og fl. (2016). *ESPAD Report 2015 - Results from the European School Survey Project on Alcohol and Other Drug*. Luxembourg: Publications Office of the European Union.

Þóroddur Bjarnason (1995). Administration mode bias in a school survey on alcohol, tobacco and illicit drug use. *Addiction*, *90*, 555–559.